

**REGLUGERÐ**  
**um tímabundna friðun vegna rannsókna**  
**á hrygningarsvæði steinbíts á Látragrunni.**

1. gr.

Frá og með 15. september 2011, til og með 15. nóvember 2011, eru allar veiðar bannaðar á svæði á Látragrunni sem markast af línunum sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 65°25,34'N - 26°26,94'V
2. 65°25,34'N - 26°24,53'V
3. 65°17,00'N - 26°24,53'V
4. 65°17,00'N - 26°26,94'V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 13. september 2011.*

F. h. r.  
**Sigurgeir Þorgeirsson.**

---

*Indriði B. Ármannsson.*